

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2002

9. janúar 2002

13

Nr. 9

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 51. Lóð Menntaskólans í Kópavogi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 25. október 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðar Menntaskólans í Kópavogi, Digranesvegi. Í deiliskipulaginu felst að norðurálma skólans verður rifin og í hennar stað byggð tveggja hæða viðbygging. Bílastæðum á lóð er fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Smiðjuvegur 3. Breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. júlí 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3 við Smiðjuveg. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi húsnæði bæði til vesturs og norðurs. Bílastæðum á lóð er fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Rjúpnasalir 10, 12 og 14. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 30. október 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Rjúpnasali 10, 12 og 14. Í breytingunni felst að hvert framangreindra húsa hækkar um tvær hæðir auk rishæðar og íbúðum fjölgar um 9 í hverju húsi. Jafnframt er bílastæðum fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendahvarf. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis við Vatnsendahvarf. Bæjarstjórnin samþykkti jafnframt eftirfarandi leiðréttingar: miðlína Breiðholtsbrautar sett inn, göngustígar, lóðamörk og settjarnir aðlagðar helgunarsvæði Breiðholtsbrautar. Byggingarreitur og austasta lóðin á svæði 2 og aðkoma að henni

aðlöguð legu stofnræsis að ósk tæknideildar. Aukin kvöð um tré- og gróðurbelti og mörk skipulagssvæðis færð vestur fyrir Vatnsendaveg. Greinargerð leiðrétt. Lóðir einkendar með rauðri línu og bindandi byggingarlína skýrð með blárrí línu. Afmörkun bílastæða á lóðum sýnd nánar.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Húsa-götur sýndar nánar. Ýtarlegri grein gerð fyrir ákvæðum um stoðveggi á lóðarmörkum og byggingarreitir kjallara og 1. hæðar aðgreindir. Greinargerð varðandi tilmæli leiðrétt og kaflinn um frávik, uppdrætti og kostnað færður á skýringaruppdrátt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. janúar 2002.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

1. gr.

Frá og með 17. janúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67° 08'0 N – 15° 56'0 V | 5. 67° 06'0 N – 14° 56'0 V |
| 2. 67° 14'5 N – 15° 28'0 V | 6. 67° 06'0 N – 15° 29'0 V |
| 3. 67° 14'7 N – 15° 05'5 V | 7. 66° 54'0 N – 15° 31'0 V |
| 4. 67° 12'3 N – 14° 54'0 V | 8. 66° 54'0 N – 15° 45'0 V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 822, 1. nóvember 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eypórsson.